



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

13. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 22. mars 2024

kl. 12.00 – 14.00 haldinn í Gimli, stofu 301 og á Teams.

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson og Ólafur Páll Jónsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 12. stjórnarfundar frá 23. febrúar 2024 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Nýtt fjármögnunarlíkan háskóla. Þóroddur Bjarnason kynnir.
3. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Framhald.
4. Málþing FPR, FH og FHA um stigamatskerfið.
5. Aðalfundur FPR. (Fskj. 2a-b)
6. Fundur norrænu háskólafélagana 2024. (Fskj. 3)
7. Næsti stjórnarfundur.
8. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 12. stjórnarfundar frá 23. febrúar 2024.
2. a-b. Tillögur að lagabreytingum dags. 13. mars 2024.
3. Norrænn fundur í Noregi 10-12. júní 2024.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.10.

1. Fundargerð 12. stjórnarfundar frá 23. febrúar 2024 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

2. Nýtt fjármögnunarlíkan háskóla. Þóroddur Bjarnason kynnir.

Þóroddur kynnti nýtt fjármögnunarlíkan háskóla sem tók gildi um síðustu áramót. Hann fór yfir áhrif þess á Félagsvísindasvið HÍ frá ýmsum hliðum og bar það saman við fyrra kerfi. Nýja kerfið kemur fjárhagslega illa út fyrir flestar deildir sviðsins. Aukin áhersla er lögð á hvata í kerfinu sem tekur ekki nægjanlega tillit til aðstæðna hverju sinni eins og mismunandi fjölda nemenda í námskeiðum á milli ára og fjölda útskriftarnema sem dæmi. Erfitt getur verið að bregðast við skerðingum á fjárframlögum með litlum fyrirvara.

3. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Framhald.

Formaður fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum. Þrettán félög innan BHM vinna saman að sameiginlegum kröfum og er FPR með í því samstarfi. Skipt hefur verið í starfshópa um mismunandi málefni. SÓ er í starfshóp um kröfur sem snerta LÍN sem félögin munu sameinast um og er unnið að tillögum þar að lútandi.

Háskólafélögin þrjú, FPR, FH og FHA vinna náið saman að sínum sérkröfum. Kröfugerðinni verður skipt í tvennt, annars vegar fyrir stjórnsýsluna og hins vegar akademískt starfsfólk. Hagfræðingur BHM mun útvega tölulegar upplýsingar í þá vinnu í næstu viku.

Ákveðið var að fá fund með Samráðsnefnd HÍ um kjaramál til að ræða nýja fjármögnunarlíkanið og áhrif þess á starfsfólki. Þá þarf að ræða fleiri mál sem snerta kjör starfsfólks, vinnutíma, vinnuumhverfi, álag og fleira.

4. Málþing FPR, FH og FHA um stigamatskerfið.

Rætt um efni málþingsins. Verið er að vinna úr gögnum. Fundur verður fljótlega með yfirstjórn HÍ um málið. Dagsetning málþingsins liggur ekki fyrir.

5. Aðalfundur FPR. (Fskj. 2a-b)

Framkvæmdastjóri upplýsti að aðalfundurinn þann 7. maí verði í húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar. Einnig verður hægt að taka þátt í streymi.

Lagabreytingartillögur bárust stjórn innan tilskilins frests og verða þær teknar fyrir á aðalfundinum. HG, ZOJ og framkvæmdastjóra var falið að fara yfir þær áður en þær verða sendar aðalfundarfulltrúum til kynningar ásamt öðrum fundargögnum.

Formaður ræddi hugmynd um að hafa kynningu eða erindi á aðalfundinum áður en fundurinn hefst og kallaði eftir tillögum að efni. Nokkrar tillögur komu fram og verða skoðaðar á næsta fundi.

Á aðalfundinum verður kosið um fjóra meðstjórnendur til tveggja ára og tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs. Framboð þurfa að berast kjörnefnd fyrir 1. apríl.

Ragna vék af fundi kl. 13.57.

6. Fundur norrænu háskólafélagana 2024. (Fskj. 3)

Fundurinn verður að þessu sinni í Bergen 10.-12. júní. Tillögur að efni fundarins liggja fyrir. Rætt verður meðal annars um kjaramál, launaþróun, vinnutíma, og vinnuáðstæður. Einnig verða stefnur innan akademíunnar á Norðurlöndum og í Evrópu á dagskrá og þróun alþjóðavæðingar og árangursviðmiða innan ríkisháskólanna rædd. Þá verður kynnt starf nefndar norræna samstarfsins um akademískt frelsi. Kostnaður og skráningarfrestur kemur fljótlega. Fulltrúar í stjórn voru beðnir um að láta vita hvort þeir hafi áhuga og komist á fundinn.

7. Næsti stjórnarfundur. Næsti fundur verður föstudaginn 5. apríl kl. 12-14.

8. Önnur mál.

a) Starf framkvæmdastjóra (Fskj. 4)

Framkvæmdastjóri er í 60% starfshlutfalli. Stjórn ákvað að endurskoða starfshlutfallið um síðustu áramót ef þurfa þykir sbr. fundargerð frá 18. ágúst sl. Vegna kjarasamninga ásamt fleiri verkefnum hefur vinnuframlag verið óvenju mikið, sbr. fskj. 4.

Lögð var fram tillaga um hækkun á starfshlutfalli í 100% afturvirkir frá 1. janúar sl. og að það fari í 80% frá 1. júlí. Sú yfirvinna sem út af stendur verði gerð upp. Staðan verði endurskoðuð aftur í haust. Samþykkt var að formaður klári málið í samráði við framkvæmdastjóra.

b) Trúnaðarmannanámskeið BHM.

Grunnámskeið fyrir trúnaðarmenn verður 16. apríl nk. kl. 9-13 á Teams og í sal Reykjavíkurakademíunnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.15.

Fundarritari: LP.